



Niðurstöður samræmdra prófa

Í byrjun desember gaf Námsmatsstofnun út skýrslu með niðurstöðum samræmdra prófa. Skýrsluna er að finna á vef stofnunarinnar (sjá http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/samramd_prof.html) og í henni eru meðaleinkunnir allra skóla á árabílinu 2005-2010 auk annarra upplýsinga. Nemendur Kópavogsskóla hafa yfirleitt komið mjög vel út úr samræmdum prófum og skólinn verið yfir landsmeðaltali. Á því eru þó undantekningar og í ár á það við um íslensku í 10. bekk sem nær ekki landsmeðaltali. Aðrar greinar koma betur út og í einu tilfelli er niðurstaðan frábær. Það er hjá nemendum 7. bekkjar í stærðfræði sem eru langefstir yfir landið. Niðurstöður prófanna fyrir Kópavogsskóla árið 2010 eru hér fyrir neðan og landsmeðaltal sett inn til viðmiðunar. Normaldreifðar einkunnir sem sýndar eru í töflunni eru gefnar á bilinu 0–60 og landsmeðaltalið er stillt á 30. Þeir sem eru yfir landsmeðaltali eru því með tölu sem er hærri en 30,0.



Nemendur 7. bekkjar

Argangur		Meðaleinkunn	Normaleinkunn	Landsmeðaltal
4. bekkur	Íslenska	5,98	31,8	5,6
	Stærðfræði	7,52	31,5	7,2
7. bekkur	Íslenska	6,90	32,2	6,7
	Stærðfræði	7,92	41,4	6,1
10. bekkur	Íslenska	5,85	27,3	6,2
	Stærðfræði	6,45	30,0	6,5
	Enska	7,73	33,1	7,1

Ástæða er til að óska nemendum 7. bekkjar sérstaklega til hamingju með frábæran árangur í stærðfræði. Normaleinkunn þess skóla sem komst næstur þeim er 38,9 svo munurinn er töluverður.

Þegar niðurstöður prófanna liggja fyrir er reynt að auka stuðning við þá sem þess þurfa. Það er þó ljóst að sá möguleiki er þrengri í ár en áður þar sem stuðningskennslutímar eru færri en áður. Það verður þó skoðað með úrbætur í huga í upphafi nýs árs.

Rannsókn

Kópavogsskóli hefur, undanfarin ár, tekið þátt í alþjóðlegri rannsókn um *Heilsu og líf skjör skólanema*. Háskólinn á Akureyri sér um könnunina á Íslandi en hún var síðast lögð fyrir nemendum í 6., 8. og 10. bekk veturinn 2009-2010. Alls voru nemendurnir 11561 sem tóku þátt og skólarnir 161 og niðurstöðurnar liggja nú fyrir í skýrslu. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður fyrir Kópavogsskóla og samanburð við síðustu könnun sem var skólaárið 2005-2006. Líkt og með niðurstöður samræmdra prófa eru niðurstöður úr rannsókninni skoðaðar með úrbætur í huga enda gefa þær skólum mikilvægar upplýsingar sem leitast er við að nýta til að bæta skólastarfið enn frekar.

Spurningar:	2009/10	2005/06	Landsmeðaltal
Meðalfjöldi virkra daga sem nemendur borða morgunverð	4,3	4,1	4,2
Meðalfjöldi skipta í viku sem börn borða sælgæti	1,6	2,1	2,0
Hlutfall barna sem líkar mjög vel í skólanum	38%	28%	44%
Hlutfall barna sem verða aldrei fyrir einelti	90%	93%	93%
Meðalfjöldi daga sem börn hreyfa sig í 60 mín eða meira	4,1	4,2	3,9
Meðalfjöldi mínútna sem börn horfa á sjónvarp á virkum dögum	90	108	107
Meðalfjöldi mínútna sem börn nota netið á virkum dögum	133	117	120
Hlutfall barna sem reykja aldrei tóbak	96%	94%	94%
Hlutfall barna sem hafa aldrei orðið drukkin	96%	86%	91%
Lífsánægja barna	8,1	7,9	7,9

Í rannsókninni eru ekki gefnar niðurstöður fyrir árganga sem eru með færri en 40 nemendur og því ekki hægt að sjá skiptingu á milli árganga skólans heldur aðeins heildina. Í töflunni kemur fram að þróunin hefur orðið jákvæð á sumum sviðum og neikvæð á öðrum. Sé litið til eineltis, daglegrar hreyfingar og netnotkunar er þróunin neikvæð en hvað lífsánægju, líðan í skólanum og fikt með áfengi og tóbak varðar hefur þróunin orðið jákvæð.

Lestrartækni lesgreina „2SLRE“

2SSLRE lestraraðferðin hefur verið kynnt fyrir kennurum skólans með það fyrir augum að þeir kenni nemendum sínum að nota hana. Námsráðgjafi hefur einnig fléttað þessa aðferð inn í kennslu í hraðlestri í vetur. Þá væri það mjög gott að foreldrar minntu börn sín á að nota aðferðina við heimanám t.d. við lestur lesgreina.

Markmiðið með þessari aðferð er að nemendur læri hagnýta lestraraðferð sem hjálpar þeim að **muna** og **skilja** betur það sem lesið er.

Þessi aðferð nýtist nemendum á miðstigi grunnskólans og upp úr. Skammstöfunin 2SLRE stendur fyrir Skima - Spyrja - Lesa – Rifja upp - Endurtaka. Reynslan hefur sýnt að þeir nemendur sem nýta sér þessa tækni skilja mun betur innihald textans. Nemendur læra einnig námsefnið betur og fyrir próf eru þeir mikið betur undirbúnir sem notað hafa þessa aðferð.

Skima: Byrjað er á að skima heiti kaflans, fyrirsagnir, millifyrirsagnir, myndir, kort, gröf og það sem er feitletrað, undirstrikað eða skástrikað. Þá er litið yfir inngang, útdrátt, markmið og spurningar ef einhverjar eru. Þetta fyrsta skref hjálpar nemendum að fá gott yfirlit yfir það sem á að lesa og hjálpar þeim einnig að skipuleggja og muna betur það sem þeir síðan lesa. Þá tengja nemendur frekar námsefnið strax í huganum við það sem þeim finnst þeir nú þegar þekkja. Með þessu opna nemendur betur hugann gagnvart námsefninu.

Spyrja: Þetta skref er endurtekið aftur og aftur við lestur kaflans. Nemendur spyrja sjálfa sig spurninga áður en lesturinn hefst, annað hvort í huganum eða þeir skrifa þær niður. Þegar lesturinn er svo hafinn leita nemendur eftir svörum við spurningum sínum. - Ef t.d. er verið að lesa líffræði og heiti kaflans er Frumuhimna gæti spurningin verið „Hvert er hlutverk frumuhimnu“ Með þessu er verið að ýta undir það að nemendur muni og skilji þær upplýsingar sem þeir afla sér.

Lesi: Nú er komið að lestrinum sjálfum. Kaflinn er lesinn vel og vandlega. Lesið er með fullri athygli og nemendur spyrja sig spurninga á meðan (sbr. kaflann hér á undan). Nemendur greina hér á milli aðalatriða og aukaatriða. Nemendur nýta sér glósutækni í þessum hluta ferlisins, glósa eða strika undir eða skrifa hjá sér lykilorð. Þetta er sá hluti sem mestan tíma tekur.

Rifja upp: Rifjað er upp í lok kaflans. Annars er líka gott að stoppa við og við í lestri kaflans, sérstaklega ef hann er langur, og hugsa um hvað var ég að lesa? Nú athuga nemendur hvort þeir geti svarað spurningum sínum. Ef þeir geta ekki svarað spurningunum er lesið aftur yfir þann hluta kaflans sem hefur að geyma svör við spurningum þeirra. Nemendur rifja upp með hjálp glósanna sem þeir gerðu. Oft er nóg að skoða glósurnar og þá rifjast innihald kaflans upp.

Endurtaka: Að endurtaka eða rifja upp hjálpar nemendum að skipuleggja efni kaflans sem þeir eru að lesa og festa innihald hans í minninu. Við festum betur efnið með því að endurtaka.

Það námsefni, sem lesið er með þessari „2SLRE“ aðferð, festa nemendurnir mikið betur í langtímaminninu og geta þeir frekar rifjað það upp þegar á þarf að halda, eins og t.d. í prófum.

Þessi aðferð hentar vel nemendum á miðstigi grunnskóla og alveg upp í háskóla. Það að nota þessa aðferð tekur tíma, sérstaklega á meðan nemendur eru að ná tökum á henni. En þegar nemendur eru komnir upp á lag með hana skilar hún miklu meiri árangri en þegar lesið er með hinni hefðbundnu aðferð. Ég tel því mikilvægt að kenna þessa aðferð strax og nemendur hafa öðlast þroska til að læra hana.

Dýrleif Egilsdóttir
námsráðgjafi



Skólastarf hefst á nýju ári þriðjudaginn 4. janúar með starfsdegi kennara. Nemendur mæta síðan samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 5. janúar.